

Ed.

202. Nefndarálit

um. frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, mótórvélum, rafmagnsvélum, rafmagnsáhöldum og efni til raflagna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég hefi ekki getað orðið meðnefndarmönnum mínum sammála um flutning á þessu frumvarpi, og vil ég greina hér nokkrar ástæður fyrir því:

1. Hér er um að ræða að langmestu leyti beinar nauðsynjavörur við framleiðslu, flutninga, samgöngur og daglegt líf manna. Það er því ekki um það að ræða, að taka óþarfa- eða munaðarvöru í einkasölu til tekjuöflunar ríkissjóði, heldur hlýtur fylgi við frumvarp þetta að vera sprottið af þeirri skoðun, að verzlun fari betur úr hendi hjá ríkinu en einstaklingum. En því fer mjög fjarri, að ég aðhyllist þá skoðun, enda mótmælir reynsla Íslendinga að fornu og nýju þessari skoðun mjög sterklega.
2. Reynslan sýnir, að í einkasölu stíðnar verzlunin og verður óhentugri notendum, hvort heldur er litið á vöruúrval, verðlag eða afgreiðslu alla, en það þakar landsmönnum stórtjón, ef um nauðsynjavörur er að ræða.
3. Ríkinu, sem oftast er í talsverðri fjárþröng, hættir mjög við því, að grípa til þess ráðs að hagnast óeðlilega á verzlun, sem það rekur. Myndi það í þessum tilfellum koma mjög hart niður á framleiðslu og samgöngum.
4. Reynsla undanfarinna ára hefir sýnt, að gjaldeyrir er síður sparaður handa þeim verzlunarfyrirtækjum, sem ríkið rekur, heldur en til einstaklinga.
5. Með því að taka æ fleiri og fleiri verzlunargreinar undir ríkið, eru bæjarfélög svipt einum af drýgstu tekjustofnum sínum, sem er útsvör af verzlun. Hlýtur bráðlega, ef svo skal halda áfram, að reka að því, að bæjarfélög og hreppsfélög komast í þrot, nema þeim sé þá á annan hátt séð fyrir tekjustofnum.
6. Erfitt er að sjá í fljótu bragði, hvernig fara á um alla þá menn, sem við svona breytingar verða atvinnulausir. Engin trygging er fyrir því, að þeir menn, sem hingað til hafa starfað að verzlun með allar þær vörur, sem nú er lagt til að ríkið taki að verzla með, bæði í þessu frumvarpi og öðrum

skyldum því — engin trygging er fyrir því, að þessir menn sitji fyrir atvinnu við ríkisverzlunirnar, og því síður að fyrir þeim öllum verði séð á þann hátt. En á tímum eins og þessum er þetta mjög alvarlegt mál. Framleiðslan virðist yfirleitt verða fremur að dragast saman en aukast, og atvinnuleysi verður því ærið, þó að ríkið gripi ekki inn í og skapi með aðgerðum eins og þessum fjölmenna atvinnuleysingjastétt kaupmanna og verzlunarmanna.

Gegn þessum og fleiri mótrökum eru rök meðhaldsmanna frumvarpsins þau helzt, að í frjálsri verzlun komi of margar tegundir bifreiða og mótorá markaðinn. Af flestum tegundunum sé hinsvegar svo lítið til, að ekki sé hægt að hafa varahluti til í landinu, en það orsaki tafir og óþægindi. Reynslan sýnir, að þessi ástæða er veigalítill. Allur fjöldi þessara véla eru af fáum tegundum, og nóg til af varahlutum í þær tegundir. Hinir, sem vilja samt sem áður kaupa óalgengari tegundir, hafa sínar ástæður til þess, sem þeim ætti að vera heimilt að hafa og bera sjálfir ábyrgð á. Oft og einatt er það t. d. þannig til komið, að menn fá nýja tegund sem sýnishorn, og getur það leitt til þess, að reynslan sýni, að fengur hafi verið af þessari nýju tegund. Að öðrum kosti hættir hún að flytjast, og fæst með þessu eðlilegt úrval, sem reynslan hefir skapað, og mun það affarasælast.

Alþingi, 24. okt. 1934.

Magnús Jónsson.